



## Hajj og fórnarhátíðin

Ein af frumskyldum hvers múslima er að fara í pílgrímsferð til Mekku einu sinni á ævinni hafi hann efni og aðstæður til. Slík ferð kallast hajj. Síðasti mánuður íslamska dagatalsins heitir Dhu al-Hijjah mánuður (pílgrímsmánuður) og þá fara múslimar í pílgrímsferðina.



Í pílgrímsferðunum er lögð áhersla á það að allir mætist jafnir frammi fyrir Guði og því klæðast allir hvítum kufli. Í fyrri hluta pílgrímsferðarinnar ganga þúsundir pílgríma sjö hringi í kringum Kaba sem er ferköntuð bygging inni í moskunnni Al-Masjid al-Ḥarām, í Mekku. Því næst hlaupa þeir sjö sinnum á milli tveggja hæða sem nefnast Safa og Marwa en með því er verið að minnast þess þegar Hagar fór að leita að vatni handa Ísmael syni sínum.

**Pílgrímsferð** er ferð sem að fólk fer í til að heimsækja helga staði eða dóma átrúnaðar síns.

**Al-Masjid al-Ḥarām** er stærsta trúarbygging múslima í heimi. Hún er byggð yfir mesta helgisdóm múslima. Kaba.

Nokkrum dögum síðar er ferðinni heitið til borgarinnar Minu á Arafatsléttunni. Í borginni eru þrjár súlur sem pílgrímarnir kasta steinum að en með því er verið að minnast þess þegar djöfullinn freistaði Ísmaels og Abrahams.

Þá er komið að hápunkti ferðarinnar sem er fórnarhátíðin eða Eid Al-Adha. Hátíðin er helgasta hátíð múslima og stendur í fjóra daga. Á þessum tíma minnast múslimar þess þegar Guð gaf Abraham hrút til að fórna í stað sonar

síns Ísmaels. Fórnarhátíðin markar lok pílgrímsferðarinnar og í lok hennar ganga pílgrímarnir aftur í kringum Kaba.

Sögurnar um Ísmael má lesa í kaflanum: Forsaga íslams > Sögur af Ísmael.

Hátíðin er hins vegar ekki eingöngu haldin af þeim sem eru í pílgrímsferð, heldur er hún haldin hátíðleg af múslimum um allan heim. Hátíðin hefst á sameiginlegu bænahaldi við sólarupprás á tíunda degi mánaðarins. Fjölskyldan fer svo í fín föt, skiptist á gjöfum og borðar saman.

Áður fyrr var hefð fyrir því að þeir sem höfðu efni á fórnunni einhverri af skepnum sínum og skiptu svo kjötinu á milli sín, fátækra og ættingja. Í dag eru flest allir hættrir að stunda landbúnað og því gefa menn fátækum frekar mat eða peninga til matarkaupa.



## Spurningar

1. Hvað er *hajj*?
2. Hvað gera pílgrímar í fyrri hluta pílgrímsferðarinnar?
3. Hvers minnst pílgrímarnir í ferð sinni til borgarinnar Medinu?
4. Hver er hápunktur pílgrímsferðarinnar?
5. Hvernig halda þeir múslimar sem ekki fara í pílgrímsferð upp á fórnarhátíðina?
6. Hvaða hátíð sem þú heldur upp á þykir þér skemmtilegust? Hvernig er haldið upp á hana?